



# Ytra mat grunnskóla Grunnskóli Reyðarfjarðar

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Fjarðabyggð.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Hanna Hjartardóttir  
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-20-6

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Stjórnun. . . . .	5
Nám og kennsla . . . . .	5
Innra mat . . . . .	5
Smiðjur . . . . .	6
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Grunnskóli Reyðarfjarðar . . . . .	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	9
Stefna skólans . . . . .	9
Starfsmenn . . . . .	11
Nemendur . . . . .	12
Árangur náms . . . . .	12
Samræmd könnunarpróf . . . . .	12
Starfstími . . . . .	14
Sérfræðiþjónusta . . . . .	14
Niðurstöður . . . . .	15
Svið I - Stjórnun . . . . .	15
Fagleg forysta. . . . .	15
Stefnumótun og skipulag . . . . .	17
Samskipti heimila og skóla . . . . .	19
Svið II - Nám og kennsla . . . . .	21
Nám og námsaðstæður . . . . .	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda . . . . .	24
Námsaðlögun. . . . .	25
Svið III – Innra mat . . . . .	27
Framkvæmd innra mats . . . . .	27
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	28
Svið IV – Kennsla list- og verkgreina auk upplýsingatækni og valgreina í „smiðjum“. . . . .	30
Námskrá . . . . .	30
Nám, kennsla, mat og árangur . . . . .	30
Aðstæður og líðan . . . . .	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	32
Frekari greining fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar . . . . .	34
Heimildir . . . . .	41



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskóla Reyðarfjarðar sem fór fram á haustönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *smiðjukerfi*.

### Stjórnun.

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stefna skólans er skýr og skólastarf einkennist af jákvæðum samskiptum. Leitast er við að nýta mannauðinn sem best þannig að starfsfólk nýti sína sérhæfingu. Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og þróun eru lagðar fyrir skólaráðið. Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er vel nýttur til að skapa samfellu í námi.

Gera þarf heildstæða forvarnaáætlun fyrir skólann og hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir aðgengilega á heimasíðu. Æskilegt væri að kennarar fengju beina endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknum stjórnenda. Endurskoða þarf starfsáætlun þannig að hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.

### Nám og kennsla

Almennur hluti skólanámskrár fyrir skólaárið 2013-2014 er birtur á heimasíðu, þar er gerð skýr grein fyrir stefnu skólans og sveitarfélagsins í skólamálum. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu. Námsumhverfi og aðbúnaður í skólanum styður við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna, kennslustundir eru að jafnaði vel skipulagðar og tími vel nýttur. Árangur nemenda á samræmdum prófum sveiflast nokkuð á milli ára en er oftast undir landsmeðaltali. Í smiðjum fá nemendur þjálfun í verklegum þáttum, sköpun og tjáningu og vinna að fjölbreyttum verkefnum. Námsmat er nokkuð fjölbreytt og í leiðsagnarmati eru nemendur hvattir til að leggja mat á eigið nám. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérþarfir og námsþörfum þeirra vel sinnt. Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á reglulegum bekkjarfundum.

Námsvísar eða námsáætlanir fyrir greinar og árganga birtast aðeins á Mentor en eru ekki aðgengilegir opinberlega. Aðferðir í námi og kennslu í bóklegum greinum þyrftu að vera fjölbreyttari og í meira mæli leiðbeinandi. Leggja þarf meiri áherslu á markvissa samvinnu nemenda. Leita þarf leiða til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og veita þeim tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um skólastarfið. Efla þarf starfsemi nemendafélagsins. Leita þarf leiða til að efla enn frekar sérfræðipjónustu sveitarfélagsins við nemendur og fjölskyldur þeirra.

### Innra mat

Áætlun um innra mat liggur fyrir nokkur ár fram í tímann. Mat á námi, framförum og árangri nemenda er reglulegt. Í greinargerð er fjallað um hvort markmið hafi náðst. Við öflun gagna eru notaðar ýmsar aðferðir og leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Niðurstöður úr innra mati eru kynntar hagsmunaaðilum og brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Vinna þarf að gerð umbótaáætlunar sem er tímasett, með viðmiðum og geta þarf um ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt. Í slíkri áætlun þarf einnig að koma fram hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Öll markmið í skólanámskrá þarf að meta markvisst og æskilegt að auka áhrif hagsmunaaðila á forgangsröðun, skipulag og framkvæmd mats og síðan umbóta.

## Smiðjur

List- og verkgreinar og upplýsinga- og tæknimennt eru kenndar í lotum yfir skólaárið í svokölluðum smiðjum. Það á einnig við um valgreinar í 8.-10. bekk. Mikil ánægja er með smiðjurnar meðal nemenda, kennara og foreldra. Samfella verður í náminu og þar með betri árangur og markvissari vinna nemenda að mati kennara. Einnig er mikil ánægja með aðbúnað í smiðjum, efni og gögn eru fyrir hendi og námshópar eru fámennir.

Námsvísar eða námsáætlanir fyrir smiðjur eru birtar foreldrum á Mentor. Birta þarf námsvísa með opinberum hætti sem hluta af skólanámskrá.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Grunnskóla Reyðarfjarðar. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 9. – 11. október, 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og smiðjukerfi. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla, 2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *smiðjukerfi*.

Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016 það er kafla 9.4. Þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu

máli eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti lét framkvæma árin 2003 og 2008 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins töldust sjálfsmatsaðferðir skólans árið 2003 *fullnægjandi* og framkvæmd sjálfsmatsins taldist *fullnægjandi að hluta*. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins árið 2009 töldust bæði sjálfsmatsaðferðir skólans og framkvæmd sjálfsmatsins *fullnægjandi að hluta*.

Fundur var haldinn 18. september 2013 með skólastjóra, forstöðumanni skólaskrifstofu Austurlands, fræðslustjóra Fjarðabyggðar og formanni fræðslu- og frístundanevndar Fjarðabyggðar. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 88 % kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, nemendum í 4. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki Tekið var einstaklingsviðtal við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og auk þess rætt sérstaklega við þrjá nemendur úr nemendaráði. Vegna fjórða matsþáttarins, smiðjukerfis, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna og stjórnenda.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga (auk kynningafundar og skoðunar), þ.e. 9. – 11. október, 2013. Heimsóttar voru 22 kennslustundir hjá 15 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem: ensku, stærðfræði, dönsku, listasmiðju, „dagar myrkurs“ (valgrein), íslensku, samfélagsfræði, lífsleikni, hreyfimyndagerð (valgrein), handmennt, heimilisfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum, myndmennt og tónlist. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.



## Grunnskóli Reyðarfjarðar

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar, eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni. Haustið 1897 var barnaskóli settur á fót í innsveit Reyðarfjarðar og kennt í því húsi sem nú er veitingastaðurinn Tærgesen.

Næstu ár á skólinn í sífelldu húsnæðishraki og kennt er í nokkrum húsum, m.a. Seylu, Klöpp, Kollaleiru og Skál. Árið 1916 er flutt í nýtt skólahúsnæði en núverandi húsnæði Grunnskóla Reyðarfjarðar er samsett af þremur byggingum og var fyrsti hluti þess tekinn í notkun 1963. Fljótlega var það húsnæði of lítið og var gripið til þess ráðs að kenna að hluta til í Félagslundu og seinna í leikskólanum Lyngholti. Árið 1990 er tekin í notkun viðbygging sem gerði það að verkum að skólalald fór allt fram á sama stað og skólinn einsetinn frá 1995. Nýjasta viðbyggingin var tekin í notkun 2006 og þar með voru grunnskólinn, tónlistarskólinn og bókasafn Reyðarfjarðar komin undir sama þak

Árið 1981 var byggt íþróttahús við hlið skólans. Það gjörbreytti allri íþróttaaðstöðu nemenda en áður voru íþróttir kenndar í Félagslundu og sund í námskeiðsformi á Eiðum og svo síðar á Eskifirði. Með tilkomu íþróttahússins eru kenndar íþróttir á veturna en sund á haustin og vorin.

Nemendur í 1.-4. bekk geta verið í vistun eftir skóla. Skólasel heitir það og er staðsett í skólahúsnæðinu. Nú hefur verið ákveðið að elsti árgangur leikskólans fari yfir í húsnæði grunnskólans og mun sú framkvæmd væntanlega verða um áramótin 2013/2014. Unglingarnir eiga kost á að sækja tómstundastarf nokkrum sinnum í viku hjá félagsmiðstöðinni Zveskjan en sú starfsemi er ekkert tengd skólanum. Nemendur á mið- og yngsta stigi eiga einnig kost á að sækja félagsmiðstöðina.

Mikil samvinna er við aðila í nærsamfélaginu. Hæst ber þar samstarf við Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar sem hefur aðsetur í skólanum. Nemendum skólans gefst kostur á að fara í einkatíma og hóptíma í hljóðfæraleik á skólatíma grunnskólans og nýta fjölmargir sér það. Þá er starfsþjálfun í fyrirtækjum bæjarins einn af valkostum unglunga í valgreinum. Auk þess má nefna að Björgunarsveitin Ársól býður upp á fjölbreytt starf fyrir 9. og 10. bekk og Reyðarfjarðarkirkja er með æskulýðsstarf að loknum skóladegi fyrir mið- og unglingastig.

### Stefna skólans

Grunnskóli Reyðarfjarðar hefur nýlega sett sér einkunnarorðin *Hugrökku hjarta er ekkert ómögulegt* og er að hefja vinnu við að innleiða þau í öllu starfi. Einkunnarorðin eru m.a. sýnileg á tveimur stórum spjöldum í skólanum, annað unnið af nemendum en hitt gefið af fyrrverandi nemendum skólans. Auk þess er skólinn með svokölluð almenn markmið, nokkurs konar yfirmarkmið yfir þau markmið sem sett eru í einstökum námsgreinum, félagslífi og fleiri þáttum.

Almennu markmiðin eru að:

- stuðla að vellíðan nemenda þannig að þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi.
- efla sjálfstraust nemenda og jákvæða sjálfsmynd.
- stuðla að alhliða þroska hvers einstaklings, andlegum, félagslegum, siðferðislegum og vitsmunalegum.

- fræða nemendur um eðli og nauðsyn félagslegra reglna. Þjálfa þá í að starfa saman og temja þeim að taka tillit til annarra.
- glæða fróðleiksfýsn nemenda og veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni.
- örva sjálfstæða hugsun nemenda og ímyndunarafli, ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og temja þeim að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- gera nemendur læsa á umhverfi sitt með því að beina athygli þeirra að fegurð í nánasta umhverfi sínu, í listsköpun og úti í náttúrunni og vekja áhuga þeirra á umhverfis- og náttúruvernd.
- stuðla að jafnrétti kynjanna í skólastarfi, gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði.
- auka þekkingu nemenda á heimabyggðinni, umhverfi, sögu, atvinnulífi o.fl.
- brjóta reglulega upp hefðbundið skólastarf og gefa nemendum tækifæri til að fást við önnur viðfangsefni.
- rækta gott samstarf við bæjarbúa: heimili, stofnanir og félagasamtök, m.a. með því að gera skólastarfið sýnilegra með sýningum, hátíðum, opnum dögum o.s.frv.
- nemendur náí sem bestum námsárangri, miðað við getu og þroska hvers og eins, sem verði nemendum hvatning til frekari dáða í námi eða starfi að loknum grunnskóla.

Skólaárið 2012 – 2013 varð skólinn einn af *Heilsuefandi grunnskólum* og hefur þegar sett sér viðmið um málefni til ársins 2018. Þá er skólinn einn af *Skólum á grænni grein* og hefur tvívegis fengið *Grænfánann* til marks um að hafa náð sínum umhverfis-markmiðum sem gerð eru til 2ja ára í senn, síðast haustið 2012. Ekki eru tiltækar upplýsingar um núverandi markmið á heimasíðu skólans eða í skólanámskrá.

Eins og aðrir skólar í Fjarðabyggð hóf skólinn innleiðingu stefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* árið 2010. Helstu áherslupættir stefnunnar eru þessir:

- Ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Miða að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.
- Ýta undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefa innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum.
- Ýta undir umhyggjusamt skólasamfélag.

Samkvæmt stefnu Fjarðabyggðar hefur skólinn einnig tekið þátt í ART-þjálfun sem er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.

Skólinn hefur innleitt svokallaða *Olweusaráætlun* til þess að koma í veg fyrir einelti og bæta skólabrag. Helstu markmið aðgerðaáætlunar Olweusar eru að draga úr tækifærum til eineltis og byggja upp afstöðu nemenda, kennara og foreldra gegn einelti.

Starfandi eru nokkrir verkefnahópar kennara sem vinna að nýbreytni- og þróunarverkefnum. Hóparnir sinna eftirfarandi verkefnum; Uppeldi til ábyrgðar – sem stýrir vinnu við innleiðingu stefnunnar, Olweusarhópur – sem sér um að viðhalda Olweusaráætlun í skólanum, heilsuhópur – sem sér um vinnu sem snýr að Heilsueflandi skóla, umhverfishópur – sem sinnir verkefninu Skóli á grænni grein, heimasíðuhópur – sem uppfærir heimasíðu og kynnir nýjungar í sambandi við Mentor, sjálfsmatshópur – sem sér um innra mat skólans, námskrár/námsmatshópur – sem vinnur að samræmingu skólanámskrá og nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Áætlunin *Brúum bilið* er samstarfsverkefni leikskólans Lyngholts og grunnskólans og markmiðið er að gera skil á milli þessara skólastiga sem eðlilegust fyrir nemendurna. Einnig eru regluleg samskipti við Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum. T.d. má þess geta að skilafundir eru á hverju vori milli grunnskólans og Verkmenntaskólans varðandi þá nemendur sem þar hafa fengið skólavist. Upplýsingar fara einnig á milli skólans og annarra framhaldsskóla. Þeim nemendum sem hafa tilfærsluáætlun er fylgt sérstaklega eftir.

Öll markmið í stefnu skólans eru í góðu samræmi við fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar. En hún er stefnumarkandi um starf grunnskóla í Fjarðabyggð. Markmiðin eru sett fram í ellefu atriðum og síðan eru viðmið um gæði skólastarfsins og taka þau til eftirfarandi þátta:

- Stefnumörkunar og forystu
- Lærdómsumhverfis
- Nemenda
- Mats á árangri
- Símenntunar
- Samskipta og samhugar
- Heilsuræktar
- Þemanáms
- Húsnæðis og aðstöðu

## Starfsmenn

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu. Heildarfjöldi starfsmanna við skólann er 34, þar af eru 18 kennarar í jafn mörgum stöðugildum og tveir leiðbeinendur (annar með BA í félagsráðgjöf og hinn með 4 ára nám í íþróttfræði frá USA). Báðir eru með umsjónarhópa á miðstigi en auk þess kennir annar náttúrufræði og hinn textíl. Við skólann starfa fjórir stuðningsfulltrúar. Auk þessa er námsráðgjafi tvo daga í viku í skólanum og hjúkrunarfræðingur einn dag. Aðrir sérfræðingar eins og sálfræðingur, talmeinafræðingur og kennsluráðgjafi koma frá Skólaskrifstofu Austurlands eftir þörfum. Eins og fram kemur eru nánast allir kennarar menntaðir til þeirra starfa eða 90% og nýtist sérhæfing þeirra vel í starfi. Af 34 starfsmönnum skólans eru þrír karlmenn, þ.e. um 10 % starfsmanna. Nokkur starfmannavelta hefur verið undanfarin ár og t.d. komu fjórir nýir kennarar til starfa í haust.

## Nemendur

Í skólanum eru 159 nemendur á haustönn 2013. Meðalstærð bekkja er u.þ.b. 16 (frá 9 – 22). Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	15	16	18	12	22	13	9	20	13	21

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, eru níu eða 5,6% nemenda. Auk þess fá níu nemendur einstaklingsáætlun í einu eða fleiri fögum. Fjöldi nemenda af erlendum uppruna er 8% og fjöldi þeirra sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru 13. Á haustönn taka engir nemendur framhaldsskólaáfanga samhliða grunnskólanámi sínu en það stendur þeim til boða.

## Árangur náms

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og gerir okkur þannig kleift að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

### Nýjustu niðurstöður

Frammistaða nemenda fjórða bekkjar er mikið undir landsmeðaltali á samræmdu könnunarprófi í íslensku (23,75) en yfir í stærðfræði (31,08) haustið 2013. Þátttaka var góð, 100% í íslensku (landið 94,9%) og einnig 100% í stærðfræði (landið 96,3%)

Í sjöunda bekk er frammistaða nemenda verulega góð á samræmdu könnunarprófi í íslensku (36,44) og í landsmeðaltali í stærðfræði (30,56) haustið 2013. Þátttaka var 90% í íslensku (landið 95,3%) og 90% í stærðfræði (landið 95,9%).

Í 10. bekk er frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum alveg í landsmeðaltali í íslensku (29,82), þátt tóku 80,9% nemenda (landið 94,4%). Frammistaðan var undir í stærðfræði (27,41), þar sem 80,9% nemenda tók prófið (landið 94,6%) og góð í ensku (31,47) þar sem 80,9% tóku prófið en landsmeðalþátttaka er 95,4%.

**4.bekkur**

Nemendur í fjórða bekk hafa síðustu sex ár verið í kringum landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði. Þegar horft er á prófaniðurstöður þessa árgangs verður hins vegar að hafa í huga fjölda barna sem tekur próf hvert ár fyrir sig. Þegar unnið er með þetta lítið úrtak má reikna með meiri sveiflum í frammistöðu en ef um stærri hóp væri að ræða þar sem frammistaða hvers einstaklings vegur mun þyngra í smærri hópum.

4. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	33,80	7,13	15	33,10	5,22	20
2008	27,08	6,57	12	31,46	10,28	13
2009	31,21	7,68	19	29,53	6,91	19
2010	32,09	13,91	11	29,09	10,98	11
2011	25,43	8,54	14	27,57	8,06	14
2012	29,83	6,87	18	32,71	4,34	17
Öll árin	30,01	8,66	89	30,79	7,61	94

**7.bekkur**

Nemendur í sjöunda bekk hafa síðustu sex ár verið undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði að undanskildu árinu 2012 í stærðfræði. Hafa verður þó í huga fjölda barna í árganginum hvert ár fyrir sig rétt eins og í tilfalli fjórða bekkjar. Þessi árgangur er samt sem áður undir landsmeðaltali þegar horft er til meðaltals síðustu sex ára. Árið 2011 var rétt um helmingur nemenda með einkunn á bilinu 1-22 bæði í íslensku og stærðfræði.

7. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	29,33	7,41	12	28,13	8,43	15
2008	27,25	8,95	16	28,14	7,58	14
2009	28,00	10,63	18	25,42	8,31	19
2010	27,90	8,37	21	29,32	9,60	22
2011	26,58	8,64	12	24,75	10,15	12
2012	29,56	9,44	18	30,94	9,06	18
Öll árin	28,13	8,88	97	27,98	8,93	100

**10.bekkur**

Nemendur í tíunda bekk hafa á síðustu sex árum verið undir landsmeðaltali í íslensku en verið um og yfir landsmeðaltali í stærðfræði og ensku. Árið 2011 er árangurinn í öllum námsgreinum talsvert undir meðaltali sem dregur meðaltal síðustu sex ára niður, þá tóku 17 nemendur próf í íslensku en 16 í stærðfræði og ensku. Ekki eru birtar tölur fyrir árið 2009, þar sem nemendur eru færri en tíu talsins.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	28,45	5,22	11	31,58	7,05	12	29,90	7,53	10
2008	27,35	5,79	17	26,41	7,67	17	30,16	6,26	19
2009			5			5			4
2010	29,71	7,25	14	31,00	7,14	14	30,00	10,98	14
2011	23,94	9,94	17	22,44	9,27	16	24,25	9,92	16
2012	29,85	10,63	20	28,05	9,81	19	30,80	11,00	20
Öll árin	27,87	8,46	84	27,60	8,99	83	29,11	9,34	83

## Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum prófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum.

Þegar framfarastuðlar nemenda í sjöunda bekk eru teknir saman fyrir síðustu sex ár eru þeir í nokkru samræmi við landið allt þar sem um helmingur nemenda sýnir framfarir svipaðar og almennt gerist á landsvísu. Um 30% nemenda síðustu sex ára sýna framfarir sem eru minni en almennt gerist á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði. Þetta hlutfall er hærra en þau 15% sem við sjáum á landinu öllu. Framfarastuðlar í tíunda bekk eru í samræmi við landið allt þegar síðustu sex ár eru tekin saman, þar sem um helmingur nemenda sýnir svipaðar framfarir og almennt gerist.

## Þátttaka

Þegar þátttaka nemenda í fjórða bekk síðustu sex ára er tekin saman sjáum við að 92% nemenda í árganginum hafa tekið próf í íslensku og 93% nemenda hafa tekið próf í stærðfræði. Þetta þátttökuhlutfall er í samræmi við landið allt þar sem þátttaka frá ári til árs helst að jafnaði um og yfir 90%. Árið 2009 og 2011 tóku allir nemendur í árganginum samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði.

Þátttaka nemenda í sjöunda bekk árið 2012 var 95% bæði í íslensku og stærðfræði en 19 nemendur voru í árganginum það ár. 37% nemenda nýttu sér stuðningsúrræði í íslensku og 42% í stærðfræði. Um 20% nemenda í sjöunda bekk á landinu nýta sér stuðningsúrræði.

Þátttaka nemenda í tíunda bekk árið 2012 var 100% í íslensku, 90% í stærðfræði og 95% í ensku. Þetta ár voru 20 nemendur í árganginum. 25% nemenda nýttu sér stuðningsúrræði í íslensku og ensku en 30% nýttu sér stuðning í stærðfræði en stuðningsúrræði nýttu sér um 20% nemenda á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði. Líkt og í fjórða og sjöunda bekk nýta sér um 20% nemenda í tíunda bekk á landinu stuðningsúrræði en stuðningsúrræði nýttu sér um 18-19% á landsvísu.

## Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2013 – 2014 er árlegur skólatími 180 dagar. Kennsludagar eru 170 en af tíu öðrum skóladögum eru fjórir svokallaðir „tvöfaldir dagar“ sem þýðir að þá daga er skólatími nemenda tvöfaldur. Annars vegar hefðbundinn kennsludagur og hins vegar viðburður, s.s. útilega svo og árshátíð sem tekur nokkrar klukkustundir og fer fram seinni hluta dags eða að kvöldi. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og fræðslunefnd, en benda ber á að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent frá sér álit dagsett 31. ágúst 2012 um mögulega útfærslu á nýtingu 10 annarra skóladaga sem ekki má ákveða nema til eins árs í einu. Bent skal á að ráðuneytið er ekki samþykkt því fyrirkomulagi sem var á framkvæmd skóladagatala skólans 2013-2014 sbr. áðurgreint álit þess. Þá eru fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og átta skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Forfallastundir skólaárið 2012 – 2013 voru samtals 1.116 og af þeim voru kenndar 586 stundir. Í öðrum kennslustundum voru stuðningsfulltrúar eða annað starfsfólk við gæslu.

## Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skólaskrifstofu Austurlands og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

## Niðurstöður

### Svið I - Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla* (kafli 10.1).

Stjórnunarstefna í Grunnskóla Reyðarfjarðar mótast af þessu. Skólastjóri stuðlar að samhljómi allra aðila skólasamfélagsins, bæði með góðu samstarfi við foreldra, foreldrafélag og skólaráð auk þess að viðhalda jákvæðum brag innan skólans.

### Fagleg forysta

#### *Stjórnandinn sem leiðtogi*

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Það kemur m.a. fram hjá fulltrúum í rýnihópi foreldra hversu fljótt og vel er brugðist við öllum erindum þeirra til skólans. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans en ný einkunnarorð eru þó ekki öllum þjál og meðvituð ennþá enda lítið farið að vinna með þau sem slík. Hins vegar eru þau sýnileg í skólanum og stefnan eins og hún kemur t.d. fram í *Uppeldi til ábyrgðar* er öllum kunn.

Þegar stjórnandi kynnir skólann eða miðlar upplýsingum um skólastarfið, leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. Kennarar eru markvisst hvattir til að auka sífellt gæði náms og kennslu, m.a. með því að gera þeim kleift að sækja endur- og framhaldsmenntun. Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu t.d. með því að lesa kennsluáætlanir en ekki er um reglulega endurgjöf að ræða eða innlit í kennslustofur.

#### Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal nemenda, starfsmanna og foreldra.
- Stefna skólans er skýr og skólasamfélagið þekkir hana.
- Einkunnarorðin eru sýnileg í skólanum.
- Kennarar eru markvisst hvattir til að auk gæði náms og kennslu.



### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf með nýju einkunnarorðin svo þau séu öllum ljós og meðvituð.
- Huga þarf að frekari beinni endurgjöf til kennara varðandi nám og kennslu.

### Stjórnun stofnunar

Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum að mestu leyti. Stjórnendateymi skiptir með sér verkum og nýtir þar m.a. sína sérþekkingu. Ekki er skráð verkaskipting. Verið er að skoða hvernig mannauðurinn í stjórnun nýtist sem best. Þrátt fyrir fremur fámennan skóla sinna kennarar kennslu sinni í samræmi við menntun og sérhæfingu. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og þar gefst m.a. tækifæri fyrir stjórnendur til að veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf. Það er einnig gert á fundum, þá hópnum öllum, og síðan í óformlegu spjalli dags daglega.

Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun. Þá eru ákveðnar reglur um upplýsingagjöf um nemendur. Starfslýsingar flestra starfsmanna liggja fyrir og skráning á menntun og sérhæfingu er í ráðningarsamningum. Yfirlit yfir þá viðbótarmenntun sem bæst hefur við er hins vegar ekki til staðar.

Til staðar er jafnréttisáætlun fyrir Fjarðabyggð sem tók gildi árið 2002 og gildir fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins en ekki er til heildstæð áætlun fyrir grunnskólann. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum eru í skjalinu „Starfsreglur og hlutverk stjórnenda Fjarðabyggðar“ sem samþykkt var í bæjarráði 30. maí 2013. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur gefið út leiðbeinandi reglur um móttöku nýrra starfsmanna.

### Styrkleikar

- Skipurit liggur fyrir um gildandi fyrirkomulag stjórnunar.
- Við verkaskiptingu stjórnenda er leitast við að mannauður nýtist sem best.
- Kennarar sinna kennslu sinni í samræmi við sína sérhæfingu.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf þegar tilefni gefst til.

### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf starfslýsingar m.t.t. að þær séu til fyrir alla starfsmenn.
- Huga að skráningu endur- og framhaldsmenntunar starfsfólks.

### Faglegt samstarf

Í stefnu skólans segir m.a: Að fræða nemendur um eðli og nauðsyn félagslegra reglna. Þjálfa þá í að starfa saman og temja þeim að taka tillit til annarra. Þetta lýtur að því að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Í stefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* er einnig kveðið á um lýðræði svo segja má að í stefnu skólans sé þetta skýrt. Í rýnihópum kom einnig fram að tekið er tillit til skoðana fólks. Almennit einkennist skólastarfið af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.

Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið og nær til alls starfsfólks. Almennir fundir eru alla föstudaga og stýrihópafundir á miðvikudögum. Fundirnir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar í þar til gerða bók en eru ekki aðgengilegar á innra neti fyrir allt starfsfólk.



Samskipti við önnur skólastig eru regluleg. *Brúum bilið* er verkferli til að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla sem unnið er eftir. Samskipti við framhaldsskóla eru mest við nágrannana í Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólanum á Egilsstöðum. Samskipti við grenndarsamfélagið eru mikil. Hæst ber þar samstarf við Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en einnig við fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu þar sem nemendur stunda t.d. verknám sem hluta af valgreinum. Sýningar hafa einnig verið settar upp í Molanum, verslunarmiðstöð.

### Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Skólastarf einkennist af jákvæðum samskiptum.
- Fundaáætlun er sett upp fyrir allt árið og fundir boðaðir með dagskrá.
- Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð.

### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að gera fundargerðir aðgengilegar fyrir alla starfsmenn t.d. á innra neti.

### Skólaþróun

Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans. Hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár en tekur einnig tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Þar kemur einnig fram hvernig einstaklingar sækja símenntun en hún miðar ætíð að því að efla starfsfólk í sínu fagi.

Ekki er um að ræða þróunar- eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo ekki er hægt að sjá samræmi milli símenntunaráætlunar og annarrar umbótaáætlunar. Ákveðinn aðili í skólanum ber ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda.

### Styrkleikar

- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans og hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Ákveðinn aðili ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

### Tækifæri til umbóta .

- Gera þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo og innra og ytra mati á starfinu og er í samræmi við símenntunaráætlun.

### Stefnumótun og skipulag

#### Starfsáætlun og skólanámskrá

Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá hans sem er nánari útfærsla á stefnu aðalnámskrár grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega og um hana fjallað á starfsmannafundum. Hún er einnig kynnt á skólaráðsfundum og þar með má segja að allir hagsmunaaðilar hafi að nokkru leyti aðild að skólanámskrárgerð.

Starfsáætlun uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar og er uppfærð árlega, aðallega af stjórnendum skólans en ekki með almennri þátttöku starfsfólks.

Skóladagatal uppfyllir ekki fyllilega viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um árlegan starfstíma vegna daga sem eru taldir tvöfaldir.

### Styrkleikar

- Starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að beinni þátttöku starfsfólks og skólaráðs í gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Endurskoða þarf starfsáætlun þannig að hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Uppfylla viðmið um árlegan starfstíma nemenda.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatöflur nemenda eru samfelldar með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi. Það er t.d. gert í list- og verkgreinum í 1. – 7. bekk sem kenndar eru í lotum svo og í valgreinum á unglíngastigi.

Námsgreinar eru að nokkru leyti samþættar, það á helst við um yngsta stigið, meira er um faggreinakennslu í eldri árgöngum.

Nemendahópar (árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Þetta er t.d. nýtt í áðurnefndum list- og verkgreinum þar sem árgöngum er blandað saman í „smiðjur“. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir 8. – 10. bekk því nemendur eru 9 kennslustundir á viku í valgreinum og geta valið um sjö námsgreinar sem kenndar eru í lotum yfir skólaárið. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Óski foreldrar eftir, er nám utan skóla metið til valgreina. Gildir það fyrst og fremst um tónlistarnám, íþróttir og framhaldsskólaáfangi.

Þá eru árgangar á unglíngastigi á sama tíma á töflu í valgreinum og einnig í samfélagsfræði og íþróttum þar sem hópnum er kynjaskipt.

### Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Nemendahópar, árgangar, eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar og nám nemenda utan skóla er metið til valgreina.

### Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því að auka samþættingu námsgreina á öllum stigum.

### Verklagsreglur og áætlanir

Í *Olweusaráætlun*, í *Uppeldi til ábyrgðar* svo og í almennum markmiðum í stefnu skólans er talað um jákvæðan skólabrag og mikilvægi hans. Með bekkjarsáttmálum sem nemendur og kennarar gera saman í hverjum bekk, eru mótaðar reglur um jákvæðan skólabrag.

Í Leiðarljósi 2013 – 2014 sem er starfsáætlun skólans eru skólareglur og meðferð agabrota og eru þær í samræmi við reglugerð. Í samtölum við rýnihóp nemenda svo og í viðtali við skólastjóra kemur fram að þó allir kannist við þessar reglur, þá eru reglur í *Olweusaráætlun* og *Uppeldi til ábyrgðar* augljósari og meira til umræðu dags daglega. Áðurnefndur bekkjarsáttmáli er því raunverulega þær bekkjarreglur sem nemendur taka þátt í að móta.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir í *Olweusaráætlun* og unnið er eftir þeim. Þá liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Í starfsáætlun er rætt um stoðþjónustu og þá einkum sérkennslu auk þess sem áætlun er til staðar um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir er til hjá stjórnendum en er ekki aðgengileg fyrir alla í skólasamfélaginu.

Fjarðabyggð gerði forvarnaráætlun fyrir allar stofnanir sínar 2002 sem unnið hefur verið eftir en ekki liggur fyrir heildstæð forvarnaráætlun í skólanum.

### Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.
- Skólareglur liggja fyrir, svo og viðbrögð við agabrotum.
- Nemendur og umsjónarkennari gera bekkjarsáttmála sem er ígildi bekkjarreglna.
- Áætlun er til um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.
- Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

### Tækifæri til umbóta

- Gera heildstæða forvarnaráætlun.
- Hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir aðgengilega öllum í skólasamfélaginu.

## Samskipti heimila og skóla

### Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð fundar reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Hins vegar eru þær ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð. Fulltrúar í skólaráði eru ekki endilega valdir lýðræðislega úr sínum hópi.

Foreldrafélagið hefur ekki verið mjög virkt undanfarið, að sögn formanns og því er ekki um reglulega fundi að ræða. Hins vegar er fundaraðstaða til staðar fyrir foreldra í skólanum og skólastjóri kemur á fundi með þeim þegar óskað er eftir.

### Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega og fundir eru boðaðir með dagskrá.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólalagd og þróun eru lagðar fyrir ráðið.

### Tækifæri til umbóta

- Hafa fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Styrkja starfsemi foreldrafélags og aðstoða það til að eflast og dafna.

### ***Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun***

Reglulegar upplýsingar eru sendar til foreldra um skólastarfið. Það er gert með tölvupósti gegnum Mentor, töskupósti, á Mentor (áætlanir o.fl.) og með vikulegu bloggi á föstudögum. Upplýsingamiðlun til foreldra um árangur í námi er reglubundin og kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla. Til dæmis með einstaklingsviðtölum í upphafi skólaárs og svokölluðum skólafærninámskeiðum fyrir foreldra 1. bekklinga.

Heimasíða skólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar að mati fólks í rýnihópum. Þó koma kennsluáætlanir og skólanámsskrá seint inn þetta haustið.

Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu. T.d í lok þemadaga, á árshátíð og vorsýningar auk þess sem foreldrum er boðið sérstaklega í lok „smiðja“. Ekki er þó um reglulegar heimsóknir foreldra að ræða til að fylgjast að öðru leyti með námi barna sinna í skólanum. Óformlega er leitað eftir hugmyndum foreldra um það sem betur má fara. T.d. voru margir inntir eftir því hvernig þeim litist á að skipta skólaárinu í 3 annir áður en það var framkvæmt. En reglulegir fundir eins og skólaþing eða opnir morgunverðarfundir til að leita eftir hugmyndum hafa ekki tíðkast.

### Styrkleikar

- Upplýsingamiðlun til foreldra er skilvirk.
- Foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í starfi skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að leita eftir hugmyndum foreldra með reglubundum hætti um það sem betur má fara.
- Setja kennsluáætlanir og skólanámsskrá á heimasíðu strax að hausti.

## Svið II - Nám og kennsla

### Nám og námsaðstæður

#### *Inntak og árangur*

Við matið liggur fyrir skólanámskrá 2012-2013, almennur hluti, námskrá yfirstandandi skólaárs birtist ekki á heimasíðu skólans þar sem hún er í endurskoðun. Teymi kennara skólans vinnur að því að uppfæra hana til samræmis við nýja aðalnámskrá.

Námsvísar eða kennsluáætlanir, sem birta m.a. markmið náms og kennslu og námsmat, birtast ekki á heimasíðu, en foreldrar hafa aðgang að þeim á Mentor samkvæmt upplýsingum skólans.

Stefna sveitarfélagsins í fræðslumálum kemur sterkt fram í skólanámskrá og á það m.a. við stefnu um Uppeldi til ábyrgðar sem unnið er eftir í skólanum og aðgerðum gegn einelti í Olweusaráætlun.

Nemendur sem rætt var við í rýnihópum kannast lítið við námsvísa eða kennsluáætlanir en foreldrar nefna að áætlanir sé að finna í Mentor og segja frá því að farið sé yfir markmið námsgreina í skólabyrjun.

Árangur nemenda á samræmdum prófum hefur verið nálægt landsmeðaltali í fjórða bekk sl. sex ár bæði í íslensku og stærðfræði. Í 7. og 10. bekk hefur árangur þeirra aftur á móti verið undir landsmeðaltali sömu ár, með einstaka undantekningum þó og má þar nefna ensku í 10. bekk árið 2010 þegar árangur var 35,3 (landsmeðaltal er 30). Framfarastuðlar í 7. og 10. bekk sýna svipaðar framfarir og að meðaltali á landinu öllu og sker skólinn sig þar ekki úr öðrum skólum.

Þátttaka nemenda í samræmdum prófum er mikil eða milli 90 og 100% og nokkuð hátt hlutfall nemenda nýta sér stuðning við próftöku.

Árangur nemenda í Grunnskóla Reyðarfjarðar í PISA sem er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda hefur verið nálægt landsmeðaltali í lesskilningi, læsi á stærðfræði og læsi á náttúrufræði þetta á við um árin 2006 og 2009. Undantekning er árangur í lesskilningi og læsi á náttúrufræði 2006 þar sem árangur er marktækt yfir landsmeðaltali.

Bæði í samræmdum prófum og í PISA sveiflast meðaltalsárangur nokkuð milli ára enda eru nemendur fáir flest árin og hver einstaklingur hefur því meiri áhrif á heildarútkomu en þar sem fleiri eru.

Að mati viðmælenda stendur skólinn sig nokkuð vel í því að vekja athygli á fjölbreyttum árangri nemenda.

#### Styrkleikar

- Stefna sveitarfélagsins í fræðslumálum kemur sterkt fram í skólanámskrá.

#### Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa/ kennsluáætlanir námsgreina á heimasíðu.
- Kynna markmið náms í námsgreinum markvissar fyrir nemendum.
- Leita leiða til að bæta árangur nemenda á samræmdum prófum.

### Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtar foreldrum og nemendum í samskiptakerfinu Mentor en liggja ekki fyrir við matið, ekki er því hægt að sjá stigvaxandi kröfur í námi eftir árgöngum.

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er virkt og til er um það skráð verklag: *Brúum bilið* þar sem gerð er grein fyrir gagnkvæmum heimsóknum og upplýsingamiðlun milli skólastiganna. Samstarfi milli grunnskóla og framhaldsskóla eru ekki gerð eins góð skil í skólanámskránni en þó kemur fram að Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum bjóða nemendum 9. og 10. bekkjar í heimsókn þar sem starf skólans, nemendafélags og húsakynni eru kynnt.

Fjallað er um námsmat í skólanámskrá skólans. Þar segir að megintilgangur þess sé að örva námsáhuga og bæta líðan, aðstoða nemendur við námið og hvetja þá til sjálfsmats. Kennarar nefna fjölbreytt námsmat og á yngsta og miðstigi eru verkmöppur hluti af námsmati. Áhersla er lögð á símat og kennarar fylla út leiðsagnarmat fyrir foreldraviðtöl í lok hvernar annar. Þar koma fram viðmið um árangur og nemendur fá tækifæri til að tjá sig um líðan sína, skipulag og hegðun.

Nemendum í 1.-7. bekk er ekki boðið upp á skipulegt val innan námsgreina en í smiðjum geta nemendur valið á milli verkefna hluta námstímans. Nemendur í unglingsdeild geta valið sjö valgreinar yfir skólaárið í níu kennslustundir á viku.

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur virðast hafa greiðan aðgang að tölum í námi sínu og geta farið í tölvustofu til að vinna að verkefnum.

Samtöl foreldra, nemenda og kennara eru regluleg, en samtöl nemanda og kennara um nám og líðan eru ekki með reglulegum hætti.

Í starfsmannahandbók er gerð grein fyrir stefnu skólans um heimanám og tilgang þess, þar segir einnig að það sé á ábyrgð umsjónarkennarans að sjá til þess að það sé hæfilegt og álagið sé jafnt og þétt. Nemendur fá vikulega heimanámsáætlun og geta því skipulagt sig í tíma. Foreldrar í rýnihópi hafa ólíkar skoðanir á heimanámi, sumir segja það hæfilegt en aðrir vilja minna og helst ekkert.

### Styrkleikar

- Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er virkt og til er um það skráð verklag.
- Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.
- Námsmat er fjölbreytt og í 1.-7. bekk eru verkmöppur hluti af mati á vinnu nemenda.
- Skólinn gerir skýra grein fyrir stefnu um heimanám og tilgangi þess í námi nemenda.

### Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa með opinberum hætti í skólanámskrá.
- Efla samstarf milli grunnskóla og framhaldsskóla.
- Æskilegt er að umsjónarkennari eigi samtal við hvern nemanda um nám og líðan.

### **Kennsluhættir og gæði kennslu**

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna miðað við vettvangsathuganir og skólinn leitast við að nýta sérþekkingu kennara í starfi. Kennslustundir eru almennt vel skipulagðar og tími í flestum tilvikum vel nýttur miðað við vettvangsathuganir.

Í bóklegum greinum voru kennsluhættir oftast fræðandi í þeim stundum sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum en í smiðjum oftast leiðbeinandi. Kennarinn sem fræðari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum en þegar kennsluhættir eru leiðbeinandi er nemandinn í forgrunni og hann er virkur í að athuga, framkvæma, rannsaka og draga ályktanir. Í rúmlega þriðjungum þeirra stunda sem heimsóttar voru var um að ræða blöndu af fræðandi og leiðbeinandi kennsluháttum.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna einir, hver að sínu verkefni, en í tæpum fjórðungi stundanna var skipulögð samvinna nemenda að námsverkefnum. Nemendur fá mikla þjálfun í verklegum vinnubrögðum og útrás fyrir sköpunarþörf í smiðjum.

Námsmat er fjölbreytt miðað við upplýsingar í skólanámskrá og endurgjöf kennara á nám nemenda regluleg.

### **Styrkleikar**

- Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna.
- Í smiðjum fá nemendur tækifæri til að þjálfra verklega færni og útrás fyrir sköpunarþörf.
- Námsmat er fjölbreytt og endurgjöf á nám nemenda regluleg.

### **Tækifæri til umbóta**

- Efla leiðbeinandi kennsluhætti í bóklegum greinum.
- Þjálfva nemendur í markvissri samvinnu í námi.

### **Námshættir og námsvitund**

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt, það séð verður í vettvangsathugunum. Ekki er leitað sérstaklega eftir áhugasviði nemenda hvað varðar verkefni miðað við það sem fram kemur í skjölum skólans. Undantekning frá því eru valgreinar á unglíngastigi þar sem nemendur geta valið samkvæmt áhuga sínum.

Aðferðir í námi og kennslu í bóklegum greinum gætu verið fjölbreyttari miðað við vettvangsathuganir en í smiðjum er beitt fjölbreyttum aðferðum. Í nokkrum stundum sem fylgst var með nýta nemendur tölur til að afla upplýsinga og vinna verkefni. Að mati kennara er námið einstaklingsmiðað þannig að þó sama verkefni sé lagt fyrir eru gerðar ólíkar kröfur um úrvinnslu. Í tungumálanámi eru textar misþungir og í sundi geta þeir nemendur fengið sértíma sem á því þurfa að halda.

Í leiðsagnarmati eru nemendur hvattir til að ígrunda og leggja mat á ábyrgð á eigin námi, þrautseigju, frumkvæði, samskipti, námsvitund og tjáningu svo og skipulag náms síns, m.a. hvernig þeir nýta tímann í skólanum. Þannig má gera ráð fyrir að þeir verði meðvitaðir um eigið nám.

Stjórnendur segjast ekki gera mikið af því að fylgjast með kennslu og veita kennurum endurgjöf en vildu sinna því meira.

### Styrkleikar

- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt.
- Í leiðsagnarmati eru nemendur hvattir til að ígrunda og leggja mat á eigin námshætti.

### Tækifæri til umbóta

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsleiðum.
- Auka val nemenda í bóklegu námi og taka í auknum mæli mið af áhugasviði þeirra.
- Stjórnendur veiti í auknum mæli endurgjöf á nám og kennslu.

## Þátttaka og ábyrgð nemenda

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Skólinn vinnur eftir *Uppeldi til ábyrgðar* og *Olweusaráætlun* um aðgerðir gegn einelti, hluti af því eru reglulegir bekkjarfundir þar sem reglur eru mótaðar og leitað eftir sjónarmiðum nemenda. Nemendur hafa að mati kennara góðan aðgang að bæði stjórnendum og kennurum, „það er alltaf hlustað á þau“. Nemendur eru þátttakendur í umhverfisráði Grænfána, skólaráði og nemendafélagi. Nemendur völdu t.d. þemaverkefni vetrarins að sögn kennara.

Nemendur segja kennara ná að kynnast öllum vegna fámennis, „hér er allt persónulegt“, segir einn sem hefur reynslu af stærri skóla. Kennarar eru flestir skemmtilegir en „misjafnt hversu vel þeir skýra út“, kemur einnig fram hjá nemendum í rýnihópi.

Nemendafélag er starfandi við skólann,- það skipuleggur atburði í félagslífi nemenda „við erum að vinna í því að bæta það“, segja fulltrúar úr nemendaráði. Sérstakt ráð er fyrir félagsmiðstöð nemenda í bænum og „við erum eiginlega búin að troða okkur inn þar“, segja þau. Nemendaráðið hefur almennt ekki mikið að segja um nám, aðbúnað eða aðstæður í skólanum, en „við höfum áhrif á félagslíf krakkanna - og bara svona góðan anda þar sem allir eru saman og ekki hver í sínu horni“.

Fulltrúar í stjórn nemendafélagsins eru kosnir lýðræðislegri kosningu, tveir úr 10. bekk og svo einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 7.-9. bekk. Þeir hafa ekki fengið sérstaka þjálfun til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða hafa áhrif, en segjast horfa til þess hvað er gert í öðrum skólum.

Skólastjóri segist meðvitaður um að efla þurfi starf nemendafélagsins og vill styðja betur við það í ár en áður.

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru fullgildir þátttakendur. Þeir eru valdir úr stjórn nemendafélagsins út frá tilnefningum en ekki kosnir beint af nemendum.

Upplýsingar um starf og ákvarðanir nemendafélagsins eru ekki aðgengilegar öðrum nemendum nema í auglýsingum um skemmtanir og viðburði.

### Styrkleikar

- Bekkjarfundir nemenda eru leið þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur eiga fulltrúa í nefndum og ráðum innan skólans.
- Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum og á þá er hlustað.



### Tækifæri til umbóta

- Efla starfsemi nemendafélagsins og þjálfra nemendaráð í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur kjósi fulltrúa sína í skólaráð með beinum hætti.
- Gera upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins og ákvarðanir aðgengilegar öllum nemendum.

### Ábyrgð og þátttaka

Markmið námsgreina birtast í kennsluáætlunum í Mentor og nemendur vita af þeim þar. Í kennslustundum, sem heimsóttar voru, var sjaldnast farið yfir markmið þess náms sem fram á að fara í kennslustundinni, undantekning frá þessu var kennslustund í íþróttum þar sem markmið voru skýrt fram sett í upphafi.

Nemendur setja sér ekki markmið í námsgreinum nema í frammistöðumati þar sem spurt er: Hvaða markmiðum vilt þú ná fram að næsta mati? Í frammistöðumatinu taka nemendur einnig þátt í að meta stöðu sína og framfarir. Kennarar nefna einnig að nemendur fái að nota jafningjamat og sjálfsmat í lok verkefna.

### Styrkleikar

- Nemendur setja sér markmið fyrir næstu önn í frammistöðumati.

### Tækifæri til umbóta

- Setja skýrar fram markmið einstakra kennslustunda og verkefna.

## Námsaðlögun

### Nám við hæfi allra nemenda

Í starfsáætlun yfirstandandi skólaárs kemur fram í kafla um stoðþjónustu að í Grunnskóla Reyðarfjarðar er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Það kallar á fjölbreytta þjónustu í skóla án aðgreiningar þar sem námsleiðir taka mið af hverjum og einum einstaklingi.

Námsþörfum nemenda með sérþarfir er sinnt og aðstæður og nám aðlagð að getu þeirra og þörfum. Nemendum finnst námið krefjandi og „skemmtilegast ef það er krefjandi“, „mátulega krefjandi fyrir mig“, segir annar. Foreldri í rýnihópi segja mikilvægt að gera nemendum grein fyrir því hvað tekur við í framhaldsskóla ef dregið er úr námskröfum í unglingadeild. Einnig kemur fram sú skoðun að það vanti meiri ögrun fyrir getumeiri nemendur.

Algangast er í vettvangsathugunum að allir séu með sama eða hliðstæð verkefni til að leysa en úrvinnsla getur verið mismunandi eftir einstaklingum.

Skólabragur er almennt jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum nemendum er mat viðmælenda í rýnihópum.

### Styrkleikar

- Skólabragur er almennt jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.
- Námsþörfum nemenda með sérþarfir er sinnt og aðstæður og nám aðlagð að getu þeirra og þörfum.

### Tækifæri til umbóta

- Skýra hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur með ögrandi verkefnum.

### Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og lagðar eru fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Listi yfir þessar kannanir er birtur í starfsáætlun. Út frá greiningu eru námsmarkmið sett og viðfangsefni valin. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem víkja verulega frá jafnöldrum í námi og fá annað námsefni (Starfsáætlun 2013-2014).

Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennslu og stuðningskennslu og fundar með sérkennurum og stuðningsfulltrúum. Árangur stuðnings er einnig metinn reglulega og endurskipulagður út frá því. Fyrirkomulag sérkennslunnar er með þeim hætti að ýmist koma nemendur í námsver eða sérkennari fer inn í bekkinn til aðstoðar, allt eftir því sem henta þykir hverju sinni og að sögn kennara fá nemendur að ráða því að einhverju leyti. Að mati stjórnanda skólans er gert vel við alla og „gríðarlega gott utanumhald“ í sérkennslunni.

Reglulegir fundir eru með foreldrum nemenda sem eru með einstaklingsnámskrá og reglulegt samráð um endurskoðun hennar.

Ekki eru upplýsingar um hvort eða hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur að öðru leyti en því að þeim gefst færi á að taka áfanga í framhaldsnámi.

Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins veitir kennurum ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á. Að mati foreldra vantar talmeinafræðing og meiri talkennslu fyrir nemendur sem á þurfa að halda.

### Styrkleikar

- Lagðar eru fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem víkja verulega frá jafnöldrum í námi í samráði við foreldra.

### Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar sérfræðipjónustu sveitarfélagsins fyrir nemendur.

## Svið III – Innra mat

### Framkvæmd innra mats

#### *Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi*

Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggur fyrir svo og áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár. Langtímaáætlun endurspeglar þó ekki að allir helstu þættir skólastarfsins séu metnir, t.d. er ekki lagt mat á kennslu og kennsluhætti. Þá er áætlunin ekki aðgengileg á heimasíðu.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega og á fjölbreyttan hátt. Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. Þetta kom t.d. fram í rýnihópi kennara og nefndu þeir undirbúning fyrir starfsmannaviðtöl og við gerð kennsluáætlana.

Í starfsáætlun kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats og stuttlega gerð grein fyrir helstu leiðum sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Í greinargerð um innra mat skólans, sem sjálfsmatshópur semur, eru ýmsar upplýsingar sem æskilegt væri að allir gætu nálgast á heimasíðu.

#### Styrkleikar

- Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda er reglulegt.
- Mat og ígrundun starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi.

#### Tækifæri til umbóta

- Setja langtímaáætlun og greinargerð á heimasíðu.
- Fjölga þáttum úr skólanámskrá sem metnir eru reglulega.

#### *Innra mat er markmiðsbundið*

Leiðir að markmiðum, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Ekki eru öll markmið skólanámskrár metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti og gera þarf betur grein fyrir hvernig á að meta þau. Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að í matinu.

#### Styrkleikar

- Leiðir að markmiðum eru hluti af innra mati.
- Í greinargerð er fjallað um hvort markmið hafi náðst.

#### Tækifæri til umbóta

- Skilgreina viðmið um árangur í mati.

### ***Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum***

Við öflun gagna eru notaðar ýmsar aðferðir. Má þar nefna Skólapúlsinn, könnun í tengslum við Olweusaráætlun og reglulega eru gerðar starfsmannakannanir, m.a. sjálfsmatskönnun kennara um starfsaðferðir. Þá endurskoðaði sjálfsmats hópurinn starfsmannahandbók á liðnu ári. Yngstu nemendur hafa þó ekki tekið þátt í könnunum en hugmyndin er að hafa slíkar kannanir, samanber langtímaáætlun skólans. Huga mætti að því að auka fjölbreytni aðferða t.d. með því að fá hugmyndir frá foreldrum um skólafarir á opnum fundum eða skólaþingum og meta sérstaklega ýmsa viðburði í skólafarfinu.

Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmd próf og niðurstöður PISA í innra mati sínu.

#### **Styrkleikar**

- Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mati.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Efla fjölbreytni aðferða við innra mat.

### ***Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum***

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þannig eru kannanir lagðar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Hins vegar eru þessir aðilar ekki virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati. Sama gildir um framkvæmd matsins og þróun og umbætur í kjölfar innra mats.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila, það er á starfsmannafundum og í skólaráði. Auk þess eru foreldrum sérstaklega kynntar niðurstöður úr Olweusar könnunum.

#### **Styrkleikar**

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður innra mats eru ræddar á starfsmannafundum og í skólaráði.
- Foreldrum eru sérstaklega kynntar niðurstöður úr Olweusar könnunum.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Virkja alla hagsmunaaðila í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi).
- Auka áhrif hagsmunaaðila á skipulag og framkvæmd innra mats.

### **Umbótastarf í kjölfar innra mats**

#### ***Innra mat er opinbert***

Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum, bæði á fundum og einnig á heimasíðu. Í greinagerð um innra mat koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun er ekki til staðar.

### Styrkleikar

- Niðurstöður úr innra mati eru kynntar hagsmunaaðilum.

### Tækifæri til umbóta

- Birta greinargerðir um innra mat á heimasíðu skólans.

### *Innra mat er umbótamiðað*

Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. Allir hagsmunaaðilar geta nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. Við greiningu á niðurstöðum eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Dæmi voru t.d. tekin varðandi niðurstöður úr Olweusar könnun vegna líðan nemenda og einnig könnun úr Skólaláttun þar sem kom fram að yndislestur drengja þyrfti að auka. Umbætur voru skilgreindar og skipulagðar en tímasett umbótaáætlun með viðmiðum er ekki til staðar þar sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar fyrir umbótum.

### Styrkleikar

- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Allir rýnihópar geta nefnt dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf umbótaáætlun sem er tímasett, með viðmiðum og tilgreindum ábyrgðaraðilum.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

## Svið IV – Kennsla list- og verkgreina auk upplýsingatækni og valgreina í „smiðjum“.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt liggur fyrst fyrir stuttu áður en matið hefst.

### Námskrá

List- og verkgreinar og upplýsingamennt í 1.-7. bekk eru kenndar í lotum yfir skólaárið, nemendur fá sjö tíma á viku í fimm vikur í hverri grein og ná þannig að fara í sex mismunandi smiðjur yfir skólaárið. Námsgreinarnar sem um ræðir eru myndmennt, handmennt, smíði, heimilisfræði, tölvur og listasmíðja.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011) er skólum heimilt að skipuleggja námsgreinar eða námssvið þannig að þau séu tekin fyrir á styttri tíma en heilum vetri og hafi þannig meira vægi í stundaskrá nemenda á ákveðnu tímabili. Smiðjukerfi Grunnskóla Reyðarfjarðar er í samræmi við þetta ákvæði. Í viðmiðunarstundaskrá er gefinn upp sá tími sem að jafnaði skal fara á viku í hverja námsgrein eða námssvið. Hér á eftir er tími list- og verkgreina ásamt upplýsinga- og tæknimennt skv. viðmiðunarstundaskrá borinn saman við vikulegan tíma í smiðjum skólans.

Nemendur í 1.-4. bekk eiga samkvæmt viðmiðunarstundaskrá að fá 255 mín. á viku að jafnaði í list- og verkgreinum ásamt upplýsingamennt en fá í smiðjum og tónmennt 320 mínútur. Nemendur í 5.-7. bekk eiga samkvæmt viðmiðunarstundaskrá að fá 333 mín. á viku að jafnaði í list- og verkgreinum ásamt upplýsingamennt en fá í smiðjum 320 mínútur að tónlist meðtalinni. Ef námstími nemenda í áðurnefndum greinum er reiknaður í heild fyrir 1.-7. bekk er hann 2040 mín. á viku en 2020 skv. viðmiðunarstundaskrá.

Á unglíngastigi fá nemendur 13 þriggja tíma lotur á fjórum og hálfri viku og geta þannig valið alls sjö valgreinar yfir skólaárið. Skólaárinu er skipt í sjö tímabil og nemendur fást við eina valgrein á hverju tímabili, þeir velja um sjö valgreinar hverju sinni sem flestar hafa áherslu á listir eða verkgreinar. Nemendur geta einnig valið heimanám í eina kennslustund á viku allan veturinn. Að auki geta nemendur valið námsgreinar eftir svæðum í fjóra tíma á viku

Nemendur í 8.-10. bekk eiga samkvæmt viðmiðunarstundaskrá að fá alls 1290 mín. á viku eða 430 mín. á viku á hverju námsári að jafnaði í list- og verkgreinum og upplýsingamennt en fá í smiðjum 1060 mínútur á viku eða 360 mínútur að jafnaði. Að meðtöldum val tímum í bóklegum greinum í 160 mínútur eru þau að fá ríflega þann tíma sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Gæta þarf þess þó að nemendur fái kennslu í upplýsingamennt á unglíngastigi, a.m.k. þær 360 mínútur sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá, en geti ekki valið sig alfarið frá þessari námsgrein.

### Nám, kennsla, mat og árangur

Náms- eða kennsluáætlanir fyrir smiðjurnar í 1.-7. bekk liggja ekki fyrir við matið og því ekki hægt að leggja mat á að hve miklu leyti markmiðum aðalnámskrár í einstökum greinum er fylgt.

Í áætlunum fyrir valgreinar í 8.-10. bekk skólaárið 2012-2013 er að finna greinargóðar lýsingar á hverjum valáfanga ásamt markmiðum og námsmati.

Það er álit viðmælenda í matinu að auðveldara sé að ná viðmiðum aðalnámskrár í smiðjukerfinu en með því að jafna tímum í einstökum greinum yfir skólaárið. Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytt verkefni í smiðjunum, oftast er byrjað á skylduverkefni sem allir ljúka en nemendur geta síðan valið frjálst um viðfangsefni innan greinarinnar.

Í listasmíðju og í nýsköpun á miðstigi er sköpun í öndvegi og sjá mátti dæmi á veggjum stofanna og skólans um frumleg verkefni nemenda, sum unnin úr verðlitlum eignum.

Verk nemenda og afrakstur úr smíðjum hafa verið sýnd bæði innan skólans og utan í verslunarkjarna í bænum. Verkefni nemenda úr nýsköpun hafa hlotið verðlaun í samkeppnum á landsvísu.

Að mati skólustjóra ná nemendur þeim hæfniviðmiðum sem ætlast er til í smíðjunum.

Ekki er um að ræða samþættingu milli greina í smíðjunum en að mati stjórnanda er auðveldara að vera með samþætt verkefni innan greinarinnar.

### Aðstæður og líðan

Mikil ánægja ríkir með smíðjukerfið í skólanum, bæði á yngri stigi og í valgreinum á unglingsstigi, þetta kemur fram í öllum hópum sem rætt var við, „dásemdarkerfi“ og „gott að blanda árgöngum“. Nemendur fá samfellu í náminu og með því næst betri árangur og hægt að vera með tímafreakari verkefni því „stundaskráin er minna hamlandi“, segir einn viðmælenda. Sömu leiðis meta kennarar það sem kost að endurtaka verkefni í hverri smíðju eftir aðra og geta sniðið af vankanta og lagað verkefnið að hópnum og aðstæðum eftir því sem við á.

Einnig er ánægja með aðbúnað í smíðjunum almenn, helst er það í heimilisfræði sem á vantar og erfitt að vera með stóra hópa. Leitast er við að hafa hópa í smíðjum ekki of stóra eða að hámarki 12 nemendur, margir nefna að á síðasta skólaári hafi hópar yngstu nemenda verið of stórir sem olli erfiðleikum í smíðjunum.

Nemendur í rýnihópi eru fremur ánægðir með smíðjurnar, en þó misjafnlega eftir því hvaða grein er um að ræða. Eldri nemendur eru ánægðir með að valgreinar séu kenndar í smíðjum, „brýtur upp skólaárið“ að skipta um smíðju. „Við fáum að velja og veljum eitthvað skemmtilegt“. Það er mat starfsfólks að gleði ríki meðal nemenda með smíðjurnar.

### Styrkleikar

- Smíðjukerfið er af öllum viðmælendum talið skila góðum árangri og ánægðum nemendum, þetta á við á öllum aldursstigum.
- Nemendur á unglingsstigi geta valið alls sjö valgreinar yfir skólaárið og fá þannig tækifæri á fjölbreyttu vali.
- Helstu kostir kerfisins eru samfella í námi nemenda og heildstæðari vinna að fjölbreyttum verkefnum og sköpun.
- Góður aðbúnaður og litlir námshópar í smíðjum gefa tækifæri til að sinna hverjum nemanda.
- Haldnar eru sýningar á verkum nemenda innan og utan skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Birta náms-/kennsluáætlanir fyrir smíðjur og valgreinar með opinberum hætti.

## Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í mikilli áherslu á list- og verkgreinar þar sem sköpunarþörf nemenda fær sannarlega að njóta sín.

### Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stefna skólans er skýr og skólasamfélagið þekkir hana. Leitast er við að nýta mannauðinn sem best og skólustarfið einkennist af jákvæðum samskiptum. Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og starfsáætlun endurspeglar áherslur skólans og skólustefnu sveitarfélagsins. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar og mikil áhersla er lögð á list- og verkgreinar. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og þróun eru lagðar fyrir skólaráð og upplýsingamiðlun til foreldra er skilvirk. Mikið samstarf er við nærsamfélagið svo sem leikskóla, framhaldsskóla, tónlistarskóla og fyrirtæki.

### Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Vinna með nýju einkunnarorðin svo öllum séu þau ljós og meðvituð.
- Huga þarf að frekari beinni endurgjöf til kennara varðandi nám og kennslu.
- Gera fundargerðir aðgengilegar fyrir alla starfsmenn t.d. á innra neti.
- Huga að beinni þátttöku starfsfólks og skólaráðs í gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Endurskoða starfsáætlun þannig að hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Gera heildstæða forvarnaráætlun.
- Hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir aðgengilega öllum í skólasamfélaginu.
- Hafa fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu skólans.

### Styrkleikar í námi og kennslu

Stefna sveitarfélagsins í fræðslumálum kemur sterkt fram í skólanámskrá. Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám nemenda og fjölbreytta kennsluhætti og námsmat er fjölbreytt. Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna. Námsþörfum nemenda með sérþarfir er vel sinnt og aðstæður og nám aðlagð að getu þeirra og þörfum. Í smiðjum fá nemendur tækifæri til að þjálfa verklega færni og útrás fyrir sköpunarþörf og nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt. Nemendalýðræði kemur meðal annars fram í setu nemenda í nefndum og ráðum auk þess sem þeir hafa greiðan aðgang að stjórnendum.

### Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Birta námsvísa/ kennsluáætlanir námsgreina á heimasíðu.
- Kynna markmið náms í námsgreinum markvissar fyrir nemendum.
- Efla leiðbeinandi kennsluhætti í bóklegum greinum.
- Þjálfa nemendur í markvissri samvinnu í námi.



- Auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsleiðum.
- Auka val nemenda í bóklegu námi og taka í auknum mæli mið af áhugasviði þeirra.
- Nemendur kjósi fulltrúa sína í skólaráð með beinum hætti.
- Gera upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins og ákvarðanir aðgengilegar öllum nemendum.
- Setja skýrar fram markmið einstakra stunda og verkefna.

### Styrkleikar í innra mati

Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir og í greinargerðum er fjallað um hvort markmið hafi náðst. Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefnum hverju sinni hjá öllum hagsmunaaðilum. Þegar niðurstöður úr innra mati liggja fyrir eru þær ræddar á starfsmannafundum og í skólaráði. Þá eru niðurstöður úr Olweusarkönnunum sérstaklega kynntar fyrir foreldrum. Mat á námi, framförum og árangri nemenda er reglulegt.

### Tækifæri til umbóta í innra mati

- Vinna þarf umbótaáætlun sem er tímasett, með viðmiðum og tilgreindum ábyrgðaraðilum.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Setja langtímaáætlun og greinargerð á heimasíðu.
- Fjölga þáttum úr skólanámskrá sem metnir eru reglulega.
- Skilgreina viðmið um árangur í mati.
- Efla fjölbreytni aðferða við innra mat.
- Virkja alla hagsmunaaðila í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi).

### Styrkleikar varðandi smiðjur

Smiðjukerfið er af öllum viðmælendum talið skila góðum árangri og ánægðum nemendum, þetta á við á öllum aldurstigum. Helstu kostir kerfisins eru samfella í námi nemenda og heildstæðari vinna að fjölbreyttum verkefnum og sköpun. Góður aðbúnaður og litlir námshópar í smiðjum gefa tækifæri til að sinna hverjum nemanda. Haldnar eru sýningar á verkum nemenda innan og utan skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Birta þarf náms-/kennsluáætlanir fyrir smiðjur og valgreinar með opinberum hætti.

## Frekari greining fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þremur meginþáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.


A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

## Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda<sup>2</sup> sem metnar voru.



## Kennsluhættir


### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í þremur kennslustundum af 22.

Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í fimm af þessum stundum.

### Kennsluathafnir<sup>3</sup>

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




<sup>2</sup> Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

<sup>3</sup> Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum


### Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



### Hópastærðir, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



## Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

### Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

### Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

### Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

### Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
  - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
  - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
  - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
  - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
  - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

## Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjú flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

### Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

### Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleyti
- Námsferni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaul eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

### Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna

Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni





## Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus Björnsson (2010). Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði. Reykjavík: Námsmatstofnun.

*Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið.* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Álit, að því er tekur til skiptingar skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/grunnskolar/alit/nr/6780>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Grunnskóli Reyðarfjarðar. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.grunnrey.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf)

Nánari skilgreining á skóladögum í grunnskólum. <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/grunnskolar/alit/nr/7008>

Reglugerð nr.1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

[http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/Adgerdaaetlun\\_fraedslu\\_og\\_fristundamalum.pdf](http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/Adgerdaaetlun_fraedslu_og_fristundamalum.pdf)

[http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013\\_Jafnrettisstefna\\_2013\\_2016.pdf](http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013_Jafnrettisstefna_2013_2016.pdf)

[http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013\\_Starfsskyldur\\_og\\_hlutverk\\_stjornenda.pdf](http://www.fjardabyggd.is/media/PDF/2013_Starfsskyldur_og_hlutverk_stjornenda.pdf)

[http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi\\_grunnskoli](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli)





